

**REGLUGERÐ**  
**um (1.) breytingu á reglugerð nr. 427/2013,**  
**um greiðslur öldrunarstofnana fyrir heilbrigðisþjónustu.**

1. gr.

e-liður 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Hjálpartæki, þó ekki gleraugu, heyrnartæki eða tiltekin hjálpartæki sem Sjúkratryggingum Íslands ber að greiða styrki vegna, sbr. reglugerð nr. 760/2021, um styrki vegna hjálpartækja með síðari breytingum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 29. gr. laga um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. mars 2022.

*Heilbrigðisráðuneytinu, 25. febrúar 2022.*

**Willum Þór Þórsson**  
heilbrigðisráðherra.

---

*Guðlaug Einarsdóttir.*

B-deild – Útgáfudagur: 28. febrúar 2022